



Reykjavík, 12. apríl 2024

MSS24030074

UMSÖGN

Viðtakandi: Öldungaráð

Sendandi: Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Tillaga Öldungaráðs um samræmda upplýsingagjöf til eldra fólks um heilsueflingu og alþreyingu á vegum Reykjavíkurborgar.

Á fundi öldungaráðs 13. mars 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga ásamt greinargerð:

Lagt er til að Öldungaráð beini því til velferðarráðs og menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs í samvinnu við stafræna leiðtoga sviðanna að útbúa samræmdan upplýsingavettvang sem inniheldur upplýsingar, tímasetningar og gjaldskrá fyrir alla þjónustu sem Reykjavíkurborg veitir, styrkir eða niðurgreiðir fyrir eldra fólk innan allra borgarhluta í rauntíma. Frístundavefur Reykjavíkurborgar, fristund.is væri góður grunnur til að byggja á en þar eru m.a. upplýsingar um tíma í íþróttahúsum, aðgengi tómstundaðila að skráningu inn í kerfið, hægt að velja eftir aldri, hverfum og tímabilum.

Óskað var eftir umsögn menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs.

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs 12. apríl 2024 var eftirfarandi umsögn samþykkt:


Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð tekur undir mikilvægi þess að efla samræmda upplýsingagjöf með upplýsingavettvangi sem inniheldur upplýsingar, tímasetningar og gjaldskrá fyrir alla þjónustu sem Reykjavíkurborg veitir, styrki eða niðurgreiðslur fyrir eldra fólk innan allra borgarhluta.

Á menningar- og íþróttasviði er verið að endurskoða Frístundavef Reykjavíkurborgar í samstarfi við þjónustu- og nýsköpunarsvið, velferðarsvið og skóla- og frístundasvið. Markmið verkefnisins er að uppfæra framenda vefsvæðisins fristund.is og tengja hann við vefþjónustur annarra miðla svo hægt sé að safna upplýsingum um tilboð til barna í tómstundir á einn aðgengilegan stað fyrir foreldra, forráðafólk og aðra sem vinna með börnum. Lausnin mun einnig bjóðast þeim sem ekki eru að nýta aðrar lausnir að skrá sitt tilboð inn í gagnagrunn borgarinnar og gera þannig öll tilboð aðgengileg á einum stað. Hægt verður að skoða tilboð eftir aldri, búsetu og áhugasviðum. Áætlað er að verkefninu ljúki haustið 2024.

Í framhaldi er vilji hjá menningar- og íþróttasviði og velferðarsviði að skoða frekari þróun á lausninni þar sem hægt verði að skrá inn eða draga fram upplýsingar úr



Reykjavík



fleiri vefþjónustum sem bjóða upp á afþreyingu fyrir aðra hópa en börn s.s. eldri borgara. Þetta væri hægt að gera í þróunarfasa 2 í framhaldi að verklokum á núverandi verkefni. Þá er hægt að skoða markhópin og þjónustuframboðið, hvar það er skráð í dag og hvernig best er að draga upplýsingar fram á einn stað. Markmiðið er að gera þjónustuna aðgengilega öllum með vefþengingu og aðgang að snjalltækjum eða tölvum. Eins býður lausnin skipuleggjendum viðburða fyrir þennan hóp leið til að skráð upplýsingar í gagnagrunn borgarinnar sem birt á framendanum fristund.is.

Verið er að skoða framendalausn með augum notendamiðrar hönnunar og út frá aðgengisstöðlum borgarinnar, lausnin ætti því að nýtast öllum hópum vel.

Kostnaður við frekari þróun ætti að vera undir útboðsmörkum borgarinnar þar sem framendi og allar helstu vefþjónustur verða þegar tengdar í fyrsta fasa verkefnisins. Aðlaga þarf birtingar á framenda að nýjum hópi og greina hvort vanti upp á tengingar. Þegar tæknin hefur verið útfærð og framendi uppfærður þarf að kynna lausnina fyrir nýjum markhópi og þeim sem starfa með honum svo þjónustan nýtist sem flestum.

Virðingarfyllst,



Eiríkur Björn Björgvinsson,
sviðsstjóri.



Reykjavík